

ÚTSKRIFT ÚR FUNDARGERÐARBÓK FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

136. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 7. nóvember kl. 16:00 í fundarsal Ráðhúss Húnaþings vestra.

Mættir undirritaðir.

Dagskrá:

1. Viðræður við leikskólastjóra um ársskýrslu leikskólans Ásgarðs.(16.00)
2. Svar við fyrirspurn Borghildar H Haraldsdóttur um lögmati á lengd skóladags grunnskólabarna. (16.30)
3. Viðræður við rekstraraðila Skólabúðanna á Reykjum um væntanlegt skólaár og skil á ársskýrslu. (kl.17.00)
4. Önnur mál.

Afgreiðslur.

1. Leikskólastjóri kynnti ársskýrslu leikskólans Ásgarðs skólaárið 2011-2012. Skýrslan er á heimasíðu leikskólans Ásgarðs.
2. Hvergi er að finna í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum skilgreiningu á því hvað „skóladagur“ má lengstur vera. Það er hinsvegar ljóst að til skóladags í þessum skilningi telst ekki sá tími sem fer í biðtíma og skólaakstur skv. reglum þar að lútandi, sbr. 3.mgr.4.gr. reglna nr. 656/2009. Reglur um skólaakstur í grunnskóla.
3. Sigrún Waage vék af fundi undir þessum lið. Rekstaraðili skólabúðanna á Reykjum upplýsti fræðsluráð um starfsmenn Skólabúðanna skólaárið 2012-2013. : Karl B. Örvarsson og Halldóra Árnadóttir: Framkvæmda- og rekstrarstjórar Skólabúðanna (ganga í öll störf Skólabúðanna). Birgir Theodórsson: Húsvarsla, ræstingar, viðgerðir og viðhald á starfstíma Skólabúðanna. Utan þess tíma mun Birgir ganga í þau störf sem honum eru falin hverju sinni í samræmi við starfshlutfall. Gísli Kjartansson: Umsjón með eldhúsi þ.e. sjá um matseld og matarskömmun og annast innkaup á matvöru og þrif. Oddný Ámundsdóttir: Aðstoð í eldhúsi þ.e. við matarskömmun, uppvask og þrif. Hafa umsjón með þvottahúsi og sjá um þrif á tilteknum stöðum í byggingum Skólabúðanna. Utan þess tíma mun Oddný ganga í þau störf sem henni eru falin hverju sinni í samræmi við starfshlutfall. Sigrún Waage: Annast daglegt bókhald, greiðslu reikninga og launaútreikninga. Einnig að sjá um létt þrif í húsnæði Skólabúðanna og sjá um kennslu (Undraheimur auranna) Utan þess tíma mun Sigrún ganga í þau störf sem henni eru falin hverju sinni í samræmi við starfshlutfall. Reynir Guðmundsson: Kennsla í náttúrufræði og á Byggðasafni. Umsjón með einni kvöldvöku á viku og létt þrif. Utan þess tíma mun Reynir ganga í þau störf sem honum eru falin hverju

sinni í samræmi við starfshlutfall. Hulda Sveinsdóttir: Kennsla í Stöðvaleik. Umsjón með kvöldvöku einu sinni í viku, aðstoð í þvottahús og sjá um þrif á tilteknum stöðum í byggingum Skólabúðanna. Utan þess tíma mun Oddný ganga í þau störf sem henni eru falin hverju sinni í samræmi við starfshlutfall. Ari Erlingsson íþróttafræðingur: Íþróttakennsla, sundlaugargæsla og umsjón með einni kvöldvöku á viku. Létt þrif og aðstoð í matsal á matmálstímum. Utan þess tíma mun Ari ganga í þau störf sem honum eru falin hverju sinni í samræmi við starfshlutfall. Hulda Einarsdóttir: Helgarþrif þ.e. þrif á öllum herbergjum í lok hverrar viku eftir að nemendur eru farnir. Rekstraraðili Skólabúðanna lagði fram starfsskýrslu skólabúðanna veturinn 2011-2012. Starfsemi Skólabúðanna er með hefðbundnum hætti. Á þessu ári fá allir nemendur dagbók og armbönd með einkunnarorðum Skólabúðanna, vinátta, virðing og væntumþykja við upphaf vikunnar og þau vinna í dagbækurnar á hverjum degi. Einnig er í vinnslu kennsluefni um hópefli sem Unnar Karlsson hefur verið að vinna að. Norrænt samstarf er hjá Skólabúðunum á Reykjum, við aðrar skólabúðir á Norðurlöndunum(NLN). Í sumar var farið til Noregs til að kynna starfsemi skólabúða þar. Umræða um markmið og starfsemi skólabúða á Norðurlöndum. Umræða um samstarf Skólabúðanna við Byggðasafnið á Reykjum og rekstraraðilar lýsa áhyggjum sínum yfir fyrirkomulagi á greiðslum við safnið. Fræðsluráði finnst mikilvægt að safnakennsla verði áfram og rekstraraðilum einnig.

4. Önnur mál.

Næstkomandi laugardag mun leikskólastjóri ásamt deildarstjórum vera með kynningu í Lækjarskóla í Hafnarfirði „Leikur er barna yndi“ Skólastjóri grunnskóla mun flytja fyrirlestur um „Ungmennalýðræði“.

Opið hús verður fyrir bæjarbúa í tilefni af stofnun framhaldsdeildar Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Hvammstanga. Þann 12. nóvember kl. 16 í félagsheimilinu á Hvammstanga, efri hæð. Nemendur framhaldsdeildarinnar munu bera fram vöflur og kaffi. Einnig gefst gestum kostur á að skoða aðstöðu deildarinnar sem er á neðri hæð félagsheimilisins og kynna starfsemi.

Starfsáætlun grunnskólans er komin á heimasíðu grunnskólans og sjálfsmatsskýrsla.

Elísa Sigríður Guðmundsdóttir situr fundinn fyrir hönd starfsmanna leikskólabarna.

Selma Klara Gunnarsdóttir situr fundinn fyrir hönd foreldra leikskólabarna.

Fundargerð rituð af Eydísi Aðalbjörnsdóttir, fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerð upplestin og samþykkt
Rakel Runólfssdóttir(sign.),
Gísli G.Magnússon(sign.),
Ólöf Þorsteinsdóttir(sign),

Fundi slitið kl: 17.56
Borghildur H. Haraldsdóttir(sign.),
Anna Birna Þorsteinsdóttir(sign.).
Sigrún Waage(sign.).